



Í RÆÐU Geirs Hallgrímssonar, þáverandi borgarstjóra, á áttæðisafmæli Kjarvals 14. okt. 1965 segir hann að þá um daginn hafi „borgarráð samþykkt samhljóða á fundi sínum“ ályktun sem færð var til bókunar. Sé þessi ályktun í samræmi við fyrri ákvaðanir borgarstjórnar. Í ályktuninni er lýst tillöguuppdraetti að myndlistarhúsi á Miklatúni „og verði byggingarnar tengdar nafni hans (þ. e. Kjarvals)“. Síðan segir þáverandi borgarstjóri að ályktunin sé gerð listamanninum til heiðurs. Enginn myndlistarmaður hafði sýnt málefniinu jafnmikinn áhuga og sjálfur oddviti íslenzkrar myndlistar, J. S. Kjarval, enda var það honum einkar hjartfólgið eins og kunnugt er. Aftur á móti hafði hann fremur lítinn áhuga á svonefndu Kjarvalshúsi á Seltjarnarnesi, þótt það sé vafalaust ágætt hús, og mætti vel breyta nafni þess að skaðlausu. En án lífsstarfs Kjarvals hefði myndlistarhúsið á Klambatúni (ég er alinn upp við það nafn) ekki risið, a.m.k. ekki með þeim hætti sem raun varð á. Hitt er annað mál að þáverandi borgarstjórn undir forystu Geirs Hallgríms-

sonar á heiður skilið fyrir áhuga sem breytti draumi listamanns í veruleika.

Íslendingar eru nánast sérfræðingar í að dauðfeyrast við óskum listamanna sinna, en hafa venjulega dýrkað þá dauða, kannski af einhverri duldrí gleði yfir því að þeir séu hættir að flækjast fyrir „venjulegu fólki“ og láta að sér kveða, svo að notaður sé minningagreinstill. Kjarval hafði þó þá sérstöðu að hann naut hylli í lifanda lífi. En þá gerist það, að honum látnum, að reynt er að svikna gefin loforð við hann og minningu hans — og ekki sízt fólkið í landinu sem ann honum og list hans: Í stað þess að standa við gefin loforð og tengja sýningarhúsið nafni hans, eins og greinilega er komið að orði í fyrrnefndri ályktun borgarráðs, er gengið á gefin loforð og reynt að klína hlutlausri innanbúðarkurteisi á húsið: „Myndlistarhúsið á Miklatúni“ er það nefnt í nýútgefnum bæklingi í tilefni af opnun þess 24. marz s.l., en þess þó getið á titilsíðu að húsið sé „reist í tilefni af áttæðisafmæli Jóhannesar S. Kjarvals“, enda tók hann fyrstu skóflu-stunguna.

Hver leyfir sér að ganga svo á gefin loforð og samþykktir borgarráðs? Mér er sagt að deilur eða óskiljanlegt stapp hafi orðið af nafni hússins og ættu einhverjir menn úti í bæ sem aldrei hafa verið bendlaðir við listir aðild að þeim, auðvitað vegna „pólitískra áhrifa“. Kjarval kunnir betri skil á slíkum leikbrúðum en ég og mega þær þakka sínum sæla fyrir að hann er ekki lengur ofar moldu. En síðan hventær hefur það þótt gott síðgæði á landi voru að brjóta gefin loforð, jafnvel loforð sem gefin eru í opinberum ályktunum og tilkynnt hátiðlega á afmælisdögum? Er enginn hlutur svo mikils verður á voru landi lengur að ekki þyki sjálfsagt að drepa hugsjónina að baki honum með þeim andlega þurrafúa sem ein-kennir flesta framtóninga íslenzkra „nú um stundir? Svík við listamenn ættu jafnvel að vera fordæmanlegt athæfi. En um það er víst ekki „þjóðareining“!

Á þetta hef ég viljað benda. Og sannarlega er ástæða til að varpa fyrrnefndum spurningum fram. Íslendingar gætu eignast viðfrægan listmálara, ef rétt væri á spilum haldið og úrval verka meistara Kjarvals (óviðeigandi er að nota þennan heiðurstil um aðra listamenn en þá Þórberg) væru sýnd á skipulegan og vel undirbúinn hátt í 10—15 stórborgum víðs vegar um heim. Þá mundi gengi hans ekki lengur vera fljótandi eins og þeir virðast keppa að sem þora ekki eða vilja ekki gefa Kjarvalsstöðum nafn við hæfi — og samkvæmt gefnu loforði. Sem einhvers konar málamiðlun hefur verið klínt nafni á einn sal Kjarvalsstaða og stendur yfir dyrum hans: Kjarvalssalur, að mig minnir. Þetta nafn má að skaðlausu falla niður eins og nafnið á Kjarvalshúsinu, enda óþarfi þar sem Kjarvalsstaðir munu nægja. En á Kjarvalsstöðum eiga myndir meistarans auðvitað heima, ásamt verkum annarra íslenzkra myndlistarmanna. (Getur verið rétt að einhverjir þeirra þoli ekki Kjarvalsnafnið á húsinu?)

Ég heiti á alþýðu manna sem lætur yfirleitt ekki bjóða sér allt að nefna Kjarvalsstaði áfram aldrei annað en segir í ályktun borgarráðs: „og verði byggingarnar (bæði eystri og vestari byggingar sýningarhússins) tengdar nafni hans“. KJARVALSSTAÐIR skal sýningarhúsið heita, en allra sízt hlutlausri málamiðlun eins og „myndlistarhúsið“. Málamiðlun á kannski rétt á sér í stjórnárum, en ekki í list. Ef almenningur tekur af skarið og nefnir húsið aldrei annað en Kjarvalsstaði, mun það nafn verða ofan á og þá þurfum við ekki að bera kinnroða fyrir að svikja minningu eins fremsta sonar þjóðarinnar. Eins og hann umgekkst lyng og rjúpu, þannig skulum við einnig umgangast nafn hans og minningu. Að öðrum kosti munu huldur vættir landsins kalla okkur til ábyrgðar. Það verður aldrei fljótandi gengi á list, lífsstarfi og minningu Jóhannesar S. Kjarvals.

Matthías Johannessen.

Andlitsmyndin

Framh. af bls. 13

skapaðan hlut! Hann gat haft tón listina sína og alla marmaramolana! Hún kreppti höndina um töskuna undir kápunni. Mikið gat þetta leyndarmál hennar verið skemmtilegt og æsandi!

Hr. Bigger spennti greipar og hélt höndunum fast að brjóstinu eins og leikari á sviði. Hann skemmti sér ágætlega. Hann beindi langa, íbyggna nefinu að gósseigandanum og brosti vingjarnlega. En gósseigandinn, fyrir sitt leyti, var ekkert nema athyglin.

— Og hvað svo? spurði hann.

Hr. Bigger rétti úr höndunum og lét þær falla ofan á hnén.

— Jæja, gondólinn lendir nú við dyrnar hjá Giangolini, lá-

varðurinn hjálpar konu sinni upp úr honum, leiðir hana að dyr um málans á fyrstu hæð, felur hana honum á hendur með venju legum kurteisiorðum, og leggur síðan af stað áleiðis á morgunhljómléikana hjá Galuppi í Misericordia. Nú hafa elskendurnir tvo klukkutíma til að búa sig til ferðarinnar.

— Þegar gamla fíflin er horfið sjónum, skýtur þarna upp vini málans, grímuklæddum eins og öllum öðrum. Allt hefur gengið eftir áætlun, enginn grunur vakn að. Frúin tekur skartgripaskrínið undan kápunni. Hún opnar það og herrarnir reka upp undrunar óp. Elskendurnir fallast í faðma.

En þá bendir vinurinn þeim á, að enn sé ýmislegt smávegis ógert. Þau verði að undirrita vegabréfin sín hjá lögreglustjóranum. Þetta sé bara formsatriði, en þurfi að gerast. Um leið ætlar hann að fara og selja einhverja skartgripa fyrir ferðakostnaðinum.

Hr. Bigger gerði ofurlítið hlé til þess að kveikja sér í sigarettu. Svo blés hann út úr sér reyklarstrók og hélt áfram sögunni.

— Svo fóru þau þá út, öll grímuklædd, vinurinn í eina átt og elskendurnir í aðra. Já, þessi Feneyjaást! Hr. Bigger leit upp í loftið með hrifningarsvip. — Hafði þér nokkurn tíma verið í Fen-

eyjum og ástfangin? spurði hann gósseigandann.

— Aldrei komið lengra en til Dieppe, svaraði hinn og hristi höfuðið.

— Þá hafði þér misst af miklu. Það þarf að koma á staðinn til þess að geta gert sér í hugarlund tilfinningar lafði Hurtmore og listamannsins, þegar þau liðu eftir skipaskurðinum og stöðu hvort á annað gegn um augnagötin á grímumum. Kannski hafa þau kysstst öðru hverju, enda þótt það hefði nú orðið erfitt nema taka af sér grímurnar og svo hefði líka einhver getað þekkt þau. Nei, líklega hafa þau látið sér nægja að horfa bara hvort á annað. En í Feneyjum getur það nægt að horfa bara — bara horfa.

Hann pataði út höndunum og lækkaði röddina og þagnaði. Svo saug hann sigarettuna þrisvar án þess að mæla orð. En þegar hann tók aftur til máls, var röddin lág og róleg.

— Eittívað hálf tíma eftir að

þau fóru, lenti gondóli við dyrnar hjá Giangolini, og maður með pappírsgrímu, sveipaður svartri skikkju og með þríhyrndan hatt á höfði, steig út og gekk áleiðis til herbergis málans. Þar var allt autt og tóm. Málverkið brosti sætlega og dálítið ástleitið frá trönunni. En þarna stóð enginn, málari fyrir framan það og tyrirsætustóllinn stóð auður. Langnefjaða gríman leit um allt herbergið með sviplausri forvitni. Loksins stöðvuðust augun við skrínið, sem hafði verið skilið eftir á borðinu — galtómt. Hann horfði lengi á þetta, og virtist í þungum þönkum.

— Skömmu seinna heyrðist fótatak í stiganum og svo tvær hlajandi raddir. Grímumaðurinn sneri sér og horfði út um gluggann. Að baki honum opnaðist hurðin með harki, og elskendurnir komu þjótandi inn, hlajandi og skríkjandi.

— Haha, góði vinur! Þú ert bara kominn aftur. Hvernig gekk með demantana?

Lesbók
Morgunbladsins

Útgefandi: H.J. Árvakur, Reykjavík
Framkv.sj.: Haraldur Sveinsson
Ritstjórn: Matthías Johannessen
Byljófur Konráð Jónsson
Styrma: Gunnarsson
Ritstj. sbr.: Ólafur Sigurðsson
Auglýsingar: Ární Garðar Kristjánsson
Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 10100